
DV

Menning

Eldrúnir, einangrun og eigið framtak

– Steina Vasulka, Haraldur Jónsson og „Do it“ á Kjarvalsstöðum



Eldrúnir eftir Steinu Vasulka.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Ef frá er talin yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum á femíniskri skjálist á síðasta ári hefur þessi listgrein ekki verið áberandi á sýningum hér á landi. Fyrir fáum árum sýndi Sjónvarpið þó þáttaröð um skjálist og í kjölfarið hefur einstaka listamaður sýnt myndbandaverk, ýmist sem hluta af innsetningu eða gerningi ellegar í formi stuttmynda. Enginn hefur þó gengið jafn langt og Steina Vasulka í því að skapa sérstæðar og alltumlykjandi innsetningar, byggðar á margrása samspili myndar og hljóma, en Steina, sem hefur búið lengi í Bandaríkjunum, telst meðal frumkvöðla í þessari listgrein líkt og Gene Youngblood staðfestir í sýningarskrá. Fyrir tveimur árum tók Steina þátt í samsýningu í Listasafni Íslands og sýndi þar eftirminnilegt verk þar sem mismunandi myndskeiðum af fossum og vatni var varpað úr mörgum geislaspilurum á stóra skerma sem stóðu hér og þar í annars koldimmum salnum. Svipað fyrirkomulag er á sýningu Steinu nú á Kjarvalsstöðum. Þar er eldurinn hins vegar í aðalhlutverki í verki sem ber titilinn Eldrúnir.

Dularfull og kraftmikil

Hljómfallið er síst veigaminni þáttur en hin myndræna útfærsla hjá Steinu Vasulka, enda er hún tónlistarmenntuð. Í verkinu Eldrúnum eru fjórir geislaspilarar sem hafa mismunandi tímastillingu er flytja verkið nánast eins og kammerhljómsveit. Speglar fyrir enda salarins hjálpa til við að magna upp hin sjónrænu áhrif og hið sama gerir bergmálseffekt í hljóðblönduninni. Í Eldrúnum gefur að líta dularfull og kraftmikil myndskeið af t.d. logsuðu undir vatnsyfirborði, bráðnandi plast (sem Gene Youngblood líkir við leggöng) og járnsmið að hamra heitt járn. Steina hyggst sýna þrjú önnur verk meðan sýningin stendur yfir svo þar ætti að vera úr nógu að moða fyrir unnendur framsækins og hátæknivædds myndlistarleikhúss.

Samspil skynfæra og einangrun

Haraldur Jónsson hefur um nokkurra ára bil gert hljóðlát verk í tex og fleiri efni sem gjarnan hafa verið mjúk ásýndar og alsett götum. Haraldi er greinilega umhugað um samspil skynfæranna og einangrun eiginleika þeirra hvers um sig. Hluti þessa samspils lýtur að því hvernig sjónsviðið áætlar snertingu og einangrun hljóðs. Á sýningu Haralds á Kjarvalsstöðum er t.d. verk sem ber heitið Breiðtjald og samanstendur af „hljóðeinangruðu“, svörtu gólfteppi á vegg. Einnig má sjá samspil skynþáttanna á huglægari og jafnvel ljóðrænni nótum þar sem tvíræðni tungumálsins er sterkur þáttur. Á miðju gólfi standa staflar af bókstöfunum Þ og Ð úr vel rúnnuðu texi. Titill verksins er Fontar sem vísar bæði til enskrar merkingar leturs og líkingar verksins við skírnarfonta. Jafnframt vísar verkið Súrefniskassar til tvegga merkinga, annarrar áþreifanlegrar sem lýtur að því að lofta út, hinnar sem vanabundinnar hugmyndar um einangrað sjúkratæki. Sýning Haralds líður nokkuð fyrir fæð verka og takmarkaða möguleika rýmisins. Ljósmyndaröðin gerir ekki annað en að undirstrika að erfitt er að ná einhverri nánd við verk í svo opnu rými.

„Do it“, eða „Kýldu á það“ sýningin í vesturssal, á vafalaust eftir að skila ýmsu forvitnilegu en athyglisvert er við lestur sýningarskrár að hér er um mjög ljóðræna og húmoríska framsetningu hugmynda að ræða, mjög í anda Fluxus-hreyfingarinnar en á opnari og kómískari nótum.

Sýningarnar á Kjarvalsstöðum standa fram í maí.

Fréttir

Hlaða brann

Stór skemma, sem notuð var sem hlaða, varð eldi að bráð á Fljótsbakka á Héraði sl. föstudagskvöld. Ekki er vitað um eldsupptök en töluvert mikið af heyi var í hlöðunni. Vel gekk þó að slökkva eldinn þegar slökkvilið kom á staðinn. -pp

Marta formaður BHM

Á aðalfundi Bandalags háskólamanna, sem haldinn var á Grand Hotel 29. og 30. mars síðastliðinn, var Marta Á. Hjálmarsdóttir meinatæknir kosin formaður bandalagsins í stað Páls Halldórssonar. -ÞK

Stálu sælgæti og rafhlöðum

Tveir unglingar voru teknir í gærmorgun fyrir innbrot í sölturn í Vesturbænum. Lögreglumenn handtóku tvo pilta en í fórum þeirra fannst talsvert af sælgæti og rafhlöðum. Rúða hafði verið brotin í söluturni í nágrenninu og voru piltarnir fluttir á lögreglustöð. -pp

Hafísinn farinn að færast inn á Húnaflóann:

Skip þurfa að fara varlega í myrkri

„Við höfum fengið fregnir af því í dag að hafísinn er um 25–30 kílómetra undan landi frá Gjögri. Hann er farinn að færast inn á Húnaflóann þannig að skip þurfa að sveigja suður fyrir hann. Hann hefur þó heldur færst frá landi síðan í gær,“ sagði Þór Jakobsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, í samtali við DV í gær.

„Við höfum fengið fregnir af honum við Kolbeinseyjarsvæðið, þar er ís um allt. Jaðarinn er svona um 6 sjómílur frá Kögri og Horni. Það er mjög bagalegt að ekki skuli vera veðurathugunarmaður á Hornbjargsvita, hann er kominn í eyði, því miður, síðan Ólafur Þ. Jónsson fór. Stjórnvöld samþykktu ekki að hafa þar mann.“

Þór sagði að skip þyrftu að fara varlega fyrir Horn, sérstaklega í myrkri. Í austlægum áttum færðist ísinn norður og vestur af Vestfjörðum fjær og þeim væri spáð núna.

Þá sagði Þór að sjórinn væri fremur hlýr á þessu svæði þannig að ísinn bráðnaði þegar hann kæmi inn á Húnaflóann en það tæki einhverja daga. -ÞK

Íslenskar sjávarafurðir:

Framleiðslan nær þrefaldast

Fyrstu þrjá mánuði þessa árs hefur framleiðsla frystra sjávarafurða hjá Íslenskum sjávarafurðum nær þrefaldast miðað við síðasta ár. Nú er búið að frysta 58.500 þúsund tonn á Íslandi, Namibíu og Rússlandi. Á sama tíma í fyrra var búið að frysta 21.500 tonn.

Aukningin er á öllum vígstöðvum. Mun meira var fryst af loðnu hér innanlands en í fyrra. Framleiðslan í Namibíu hefur aukist um 89% og nú bætast við 25.000 tonn af Alaskaufsa í Rússlandi en voru 460 í fyrra. -GK

















